

# Fjarkennsla í 8.-10. bekk grunnskóla

*6 x 40 mín kennslustundir*

*Fjöldi nemenda 8-12*

Kennarar: Höskuldur Eiríksson og Tómas Leó Halldórsson

## Kennsla:

Efni kennslustundanna verður að kenna nemendum að taka upp lag, fengið endurgjöf frá kennara á meðan ferlinu stendur og taka sig síðan upp í lokin spila sína útgáfu af laginu. Hvort sem það er hljóðfæraleikur, söngur eða þeirra eigin nálgun á lagið.

Tímarnir verða samtals 4. Tveir 2x 40 mín. Tímar, einn í byrjun og einn í lokin. Tími 3 og 4 eru stutt samtal með kennara í gegn um fjarfundarbúnað, 10-15 mín, þar sem farið verður yfir með nemanda hvernig ferlið gengur, nemandi fær endurgjöf á þeim stað sem hann er og þeim spurningum svarað sem koma upp.

Lágmarksskilyrði er að ná einu hljóðfæri, rödd eða línu, taka upp og skila inn í sameiginlega skilamöppu í lokin sem kennarar og nemendahópurinn fer yfir í sameiningu í lokatímanum.

Þeir nemendur sem eru mjög fljótir að ná námsefninu eru hvattir til að læra aðrar raddir í laginu ef þau spila á hljóðfæri eða reyna aðra útsetningu á laginu. Þá eru þeir nemendur einnig hvattir til að leggja meiri vinnu í upptökuna og útfærsluna á henni.

## Kennslugögn:

Myndbönd útbúin af kennurum sem sýna lagið og spilun á nótum.

Nótur af laginu og einstökum pörtum.

Hljóðfæri: Það er hægt að spila á hvaða hljóðfæri sem er og nemendur velja þá þær raddir sem á við (og í samtali við kennara). Það er líka í boði að skila inn útsetningu í upptökuforriti í líkingu við Garageband, svokallaðar stafrænar hljóðvinnslustöðvar (*e. Digital Audio Workstation*).

Upptökugræjur: Upptökubúnaður er mjög aðgengilegur nú til dags. Símar, spjaldtölvur, fartölvur er eitthvað sem flestir, ef ekki allir, hafa aðgang að og því er hægt að taka sig upp flytja sinn part.

Fjarkennslubúnaður: Snjalltæki með myndavél og hljóðnema.

## **Kveikjur & innlagnir**

Þegar tónlistarmenn gefa út eigin útgáfur af lögum annara þá ganga þeir oft mjög langt í að búa til að sína útgáfu af laginu. Hér eru nokkur dæmi um skemmtileg tukulög sem hljóma allt öðruvísi en upprunalegar útgáfur.

### **Eurythmics - Sweet dreams**

Upprunarleg útgáfa: <https://www.youtube.com/watch?v=qeMFqkcPYcg>

Ábreiða eftir Marilyn Manson: <https://www.youtube.com/watch?v=QUvVdTIA23w>

### **Rolling Stones - I can't get no satisfaction**

Upprunarleg útgáfa: <https://www.youtube.com/watch?v=OZ8GZ3PFVGM>

Ábreiða með Devo: <https://www.youtube.com/watch?v=jadv7CbH1o>

### **Supertramp - Logical song**

Upprunarleg útgáfa: [https://www.youtube.com/watch?v=J\\_NGulTmh88](https://www.youtube.com/watch?v=J_NGulTmh88)

Ábreiða með Scooter: <https://www.youtube.com/watch?v=4YxTa1AUqps>

Lagt verður fyrir að kenna nemendum lagið **Malbik** með Emmsjé Gauta.

*Malbik:*

[https://www.youtube.com/watch?v=\\_cgIQDoCYCU](https://www.youtube.com/watch?v=_cgIQDoCYCU)

<https://open.spotify.com/track/4EFrKYAOrrT0SC655kD5Ef>

*Nótur:*

<https://www.noteflight.com/scores/view/074d8ab769d711eab1d52af3435344e062ff8705>

*Deilimappa með nótum og kennslumyndböndum:*

[https://1drv.ms/u/s!AgpFvFcjmonUgY8YAcZEhphZ0\\_Xmog?e=QAEf7l](https://1drv.ms/u/s!AgpFvFcjmonUgY8YAcZEhphZ0_Xmog?e=QAEf7l)

## Hæfniviðmið

- Að nemendur geti tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði.
- Að nemendur geti tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju. (Island & Mennta- og Menningarmálaráðuneytið, 2013, bls 150-151).
- Nemendur læra að greina mismunandi hljóðfæri/raddir og hlutverk þeirra og læra að spila og/eða syngja þær.
- Nemendur geti unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Nemendur geti nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám
- Nemendur geti nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda, (Island & Mennta- og Menningarmálaráðuneytið, 2013, bls 227-228).

## Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í gegn um fjarbúnað og allt námsefni er aðgengilegt í gegn um netið.

Kennslumyndbönd sem sýnikennsla. Myndböndin sýna hljóðfæraleik á pörtum/röddum lagsins og nótur sem og mismunandi erfiðleikastig.

## Verkefni/skil á upptökum

Upptökurnar geta verið á hvaða máta sem er, bara hljóð eða hljóð og myndband. Kennarar gera bara kröfu um að hljóðið sé skýrt<sup>[RASS]</sup>. Flestir símar eru með smileg upptökuforrit sem virka ef nemendur hafa ekkert annað við höndina.

Nemendur fá aðgang að skilamöppu sem þeir geta deilt lokaafurðunum sínum inn á.

## Kennsluáætlun

Tími 1 2x 40 mín	<p>Fjarfundur (Teams, Zoom o.s.frv.) þar sem efni tímana verður kynnt.</p> <p>Kveikjur spilaðar, umræður með nemendum (kannast þau við lögin? Hver er saga þeirra? Hafa einhverjir spilað þau áður?).</p> <p>Nemendur fá gögn, nótur og hlekki og upplýsingar um skilin í lokin.</p> <p>Nemendur segja síðan kennurum hvaða nálgun þau ætla að taka á lagið, hljóðfæraflutningur, söngur, annað.</p>
Tími 2	<p>Einstaklingstími (stutt ca. 10-15 mín á nemanda) tekið staðan og nemandi fær endurgjöf um hvað er gott og hvað mætti bæta.</p>
Tími 3	<p>Einstaklingstími (stutt ca. 10-15 mín á nemanda) tekið staðan og nemandi fær endurgjöf um hvað er gott og hvað mætti bæta.</p> <p>Hér er ætlast til að nemandi sé með upptöku tilbúna sem kennarar meta og sjá hvað mætti bæta fyrir lokatímamann.</p>
Tími 4 2x 40 mín	<p>Fjarfundur með kynningu á verkefnum nemenda þar sem við hlustum á afurð hvers og eins og nemendur segja frá sinni reynslu við að vinna verkefnið og kennarar og samnemendur gefa endurgjöf (2 hrós ein gagnrýni).</p> <p>Kennarar gera síðan lokamat og nemendur gera sjálfsmat (gátlistar fyrir neðan)</p>

## Gátlisti fyrir lokamat kennara:

Matsþættir	Mjög gottg (A)	Gott (B)	Sæmilegt (C)	Þarf að bæta (D)
Virgni Gildir 20%	Nemandi vinnur ávallt af áhuga og samviskusemi og gerir sitt besta.	Nemandi vinnur oftast af áhuga og samviskusemi og gerir sitt besta.	Nemandi vinnur stundum af áhuga og samviskusemi og gerir sitt besta.	Nemandi vinnur sjaldan af áhuga og samviskusemi eða gerir sitt besta.
Þekking og verkleg færni 30%	Nemandi hefur náð að tileinka sér mjög góða þekkingu á námsefninu og mjög góða leikni í beitingu aðferða, hugtaka og tónsköpunar samkvæmt námsmarkmiðum og hæfniviðmiðum	Nemandi hefur náð að tileinka sér góða þekkingu á námsefninu og góða leikni í beitingu aðferða, hugtaka og tónsköpunar samkvæmt námsmarkmiðum og hæfniviðmiðum	Nemandi hefur náð að tileinka sér sæmilega þekkingu á námsefninu og sæmilega leikni í beitingu aðferða, hugtaka og tónsköpunar samkvæmt námsmarkmiðum og hæfniviðmiðum	Nemandi hefur ekki náð að tileinka sér þekkingu á námsefninu og leikni í beitingu aðferða, hugtaka og tónsköpunar samkvæmt námsmarkmiðum og hæfniviðmiðum
Skapandi vinna 15%	Nemandi sýnir mjög góð skapandi vinnubrögð	Nemandi sýnir góð skapandi vinnubrögð	Nemandi sýnir sæmileg skapandi vinnubrögð	Nemandi sýnir sjaldan skapandi vinnubrögð
Verkefni 3%	Nemandi hefur unnið mjög vel að verkefninu og leyst það eftir bestu getu.	Nemandi hefur unnið vel að verkefninu og leyst það nálægt bestu getu	Nemandi hefur unnið sæmilega vel að verkefninu og leysir það sæmilega eftir getu	Nemandi hefur unnið illa að verkefninu og leyst það á ekki í takt við eigin getu eða alls ekki.

## Gátlisti fyrir sjálfsmat nemenda:

	<b>Mjög gott</b>	<b>Gott</b>	<b>Sæmilegt</b>	<b>Ég gæti gert betur</b>
Ég vann vel að verkefninu				
Ég er sjálfstæð/ur í verki				
Ég vandaði mig við vinnuna og gekk heilshugar til verks				
Ég sýni góða hegðun og uppbyggilegt viðhorf til samnemenda				

---